

12 september 2023



Sameining Náttúrufræðistofnunar, Landmælinga og Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn

Stjórnarráð Íslands
Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið



Hvernig breytingar?

- ❖ Breytingafrumvarp við lög um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur til að færa verkefni Landmælinga Íslands og Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn inn í Náttúrufræðistofnun.
- ❖ Ákvæði laga um landmælingar og grunnkortagerð fléttuð inn í lög um Náttúrufræðistofnun.
- ❖ Sama gildir um náttúrurannsóknastöðina við Mývatn.
- ❖ Reynt að gera sem minnstar breytingar.
- ❖ Setur Náttúrufræðistofnunar þó formlega lögð niður.
- ❖ Stofnanirnar koma fyrir í 20 lögum. Þarf að breyta heiti þeirra í þeim.
- ❖ Mörg og fjölbreytt verkefni í lögum.
- ❖ Þörf fyrir einfalda og skýra umgjörð



Kaflaskipting frumvarps

- I. Kafla Yfirstjórn og skipulag (er nú I. Kafla um Náttúrufræðistofnun Íslands)
- II. Kafla Verkefni (er nú II. kafla. Náttúrustofur)
- III. Kafla Gjaldtaka
- IV. Kafla Miðlun upplýsinga og höfundaréttur
- V. Kafla Almenn ákvæði (er nú III. Kafla)



Yfirstjórn og skipulag - 1.-2. gr.

- ❖ Náttúrufræðistofnun er ríkisstofnun undir yfirstjórn ráðherra.
- ❖ Stofnunin stundar undirstöðurannsóknir á náttúru Íslands, vinnur staðfræðilegar og landfræðilegar grunnupplýsingar um Ísland og rekur náttúrurannsóknastöð við Mývatn, sbr. lög um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu.
- ❖ Hefðbundið ákvæði um hlutverk og kröfur til forstjóra.



Verkefni Náttúrufræðistofnunar

Náttúrufræðistofnun er ráðuneytinu og öðrum stjórnvöldum til ráðgjafar á fagsviðum stofnunarinnar. Stofnunin skal í starfsemi sinni vinna að lögbundnum markmiðum og stefnu stjórnvalda hverju sinni.

Náttúrufræðistofnun skal eiga faglegt samstarf við háskóla, stofnanir, fyrirtæki og alþjóðleg samtök í samræmi við verkefni stofnunarinnar.



Verkefni Náttúrufræðistofnunar

- að stunda vísindalegar **rannsóknir á náttúru Íslands**,
- að **varðveita náttúrugripi**, ritsmíðar og önnur gögn á vísindalegum heimildasöfnum
- að skrá kerfisbundið einstaka þætti íslenskrar náttúru
- að styðja við **uppbyggingu sýningarsafna** um náttúrufræði og miðla þekkingu um íslenska náttúru til skóla, fjölmiðla og almennings,
- að **leiðbeina um hóflega nýtingu náttúrulegra auðlinda** og aðstoða með rannsóknum við mat á verndargildi vistkerfa og náttúruminja og áhrifum mannvirkjagerðar og annarrar landnotkunar á náttúruna
- að vinna **að rannsóknum á villtum stofnum spendýra og fugla**
- sjá um **fuglamerkingar** og hefur Náttúrufræðistofnun ein heimild til að láta merkja villta fugla á Íslandi,
- að **skrá berg- og jarðgrunna** landsins með kerfisbundnum hætti og vinna að flokkun námasvæða
- að skrá náttúruminjar, annast mat á verndargildi þeirra og hafa umsjón með C-hluta náttúruminjaskrár,
- að bera ábyrgð á vöktun lykilþátta íslenskrar náttúru að því marki sem hún er ekki falin öðrum stofnunum
- *Engar breytingar á verkefnum fyrirhugaðar*



Verkefni Náttúrufræðistofnunar frh. (svið landmælinga)

- Uppbygging og viðhald viðmiðana og aðgengilegs landshnitakerfis og hæðarkerfis fyrir allt Ísland.
- Gerð, viðhald og miðlun á landupplýsingum, t.d. um vatnafar, yfirborð, vegi, samgöngur, stjórnsýslumörk, örnefni mannvirki, hæðarlínur og punkta, skráning og miðlun upplýsinga um landfræðileg gagnasöfn af Íslandi.
- Skráning upplýsinga um landfræðileg gagnasöfn af Íslandi.
- Að fara með framkvæmd laga um grunngerð fyrir stafrænar landupplýsingar, þ.m.t. að sjá um rekstur, viðhald og tæknilega þróun landupplýsingagáttar.
- Örnefnagrunnur
- *Engar efnislegar breytingar fyrirhugaðar. Bætt við verkefnisákvæði 4. gr. laga um Náttúrufræðistofnun.*



Verkefni Náttúrufræðistofnunar frh.

Ákvæði 8. gr. laga um Náttúrufræðistofnun Íslands fært í 3. mgr. 4. gr. laganna.

Náttúrufræðistofnun getur með leyfi ráðherra gerst aðili að sýningarsöfnum sem rekin eru af öðrum en ríkinu. Hún aðstoðar við gerð sýninga og henni er heimilt að lána til þeirra gripi úr vísindasöfnum sínum um lengri eða skemmri tíma.



Náttúrurannsóknarstöðin við Mývatn

- Náttúrufræðistofnun starfrækir náttúrurannsóknastöð við Mývatn sem hefur þau verkefni að stunda rannsóknir á náttúrufari Mývatns- og Laxárvæðisins, sbr. ákvæði laga um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu.
- Afla skal vísindalegrar þekkingar sem nýtist við verndun svæðisins í víðum skilningi, en í því felst að fá yfirlit yfir náttúru þess og breytingar á henni, rannsaka orsakasamhengi í vistkerfi Mývatns og Laxár og kanna áhrif af umsvifum manna.
- *Engar breytingar á verkefnum stofnunarinnar nema eftir breytingar möguleiki á samþættingu sem ætti að efla verkefnið vegna fjölda starfsmanna sameinaðrar stofnunar. Ekki lengur þó kveðið á um fagráð.*



Náttúrustofur

- ❖ Ákvæði 9-14. gr. laganna um náttúrustofur eru færð í eitt ákvæði í frumvarpinu en ekki breytt að öðru leyti. Þetta er gert til að gæta samræmis gagnvart öðrum einingum stofnunarinnar. Í þessu felst *engin breyting á fyrirkomulagi náttúrustofanna* úti á landi sem starfræktar eru í félagi við sveitarstjórnir.
- ❖ Heiti laganna breytist úr „Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur“ í **Náttúrufræðistofnun**. Er það gert þar sem nú hafa verkefni landmælinga Íslands og náttúrufræðistofnunarinnar við Mývatn bæst við og það því ekki við hæfi að hafa aðeins náttúrustofurnar í heitinu, en ekkert um hin verkefni eða einingarnar.



Miðlun og varðveisla upplýsinga og afnotaréttur

- ❖ Landmælingar og Náttúrufræðistofnun auk náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn safna miklu magni af gögnum (rannsóknir og mælingar).
- ❖ Lög um endurnot upplýsinga og upplýsingalög
- ❖ Skylda stofnunarinnar að búa til gögn, varðveita þau og afhenda gögn til fyrirtækja og almennings.
- ❖ Ákvæði sem er samsett úr lögum um landmælingar og grunnkortagerð og lögum um Náttúrufræðistofnun.
- ❖ *Engar breytingar á þessu hlutverki eða fyrirkomulagi.*



Höfundaréttur

- ❖ Ákvæðið á sér fyrirmynd í 5. gr. laga um landmælingar og grunnkortagerð.
- ❖ Ríkið er eigandi að öllum réttindum sem Náttúrufræðistofnun öðlast og hefur eignast.
- ❖ Stofnunin gætir hagsmuna ríkisins á sviði höfunda- og afnotaréttar á öllu því efni sem hún hefur eignast, unnið eða gefið út í sambandi við rannsóknir, mælingar, kort, myndir eða annað efni.
- ❖ Breyting: *Ríkið á höfundarétt að gögnum sem starfsmenn vinna á vegum stofnunarinnar nema um annað sé samið.*
- ❖ Um höfundarétt gilda að öðru leyti höfundalög.



Sala á þjónustu og gjaldskrá

- Sameinuð ákvæði úr bæði lögum um landmælingar og grunnkortagerð og lögum um Náttúrufræðistofnun.
- *Engar breytingar* fyrirhugaðar á núverandi fyrirkomulagi.



Breytingar á öðrum lögum

- 19 lög
- Fyrst og fremst breytingar á heitum stofnana
- Ákvæði um náttúrurannsóknastöðina við Mývatn felld út úr lögum um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Pingeyjarsýslu.
- *Ákvæði um fagráð fellt niður* - ekki þörf á fagráði þegar fleiri starfsmenn vinna saman að verkefninu undir hatti Náttúrufræðistofnunar.



Bráðabirgðaákvæði

- ❖ Starfsfólk Landmælinga og Ramý verður starfsfólk Náttúrufræðistofnunar við gildistöku laganna.
- ❖ Störf almennt ekki lögð niður og því ekki þörf á að bjóða starfsfólki störf að nýju.
- ❖ Embætti forstjóra Landmælinga Íslands og forstöðumanns náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn lögð niður við gildistöku laganna.
- ❖ Forstjóra Landmælinga og forstöðumanni Ramý skal boðið starf hjá Náttúrufræðistofnun við gildistöku laganna og ekki þarf að auglýsa þau störf skv. 7. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996.



Gildistaka og framkvæmd

- ❖ Lögin taka gildi 1. janúar 2024. Við gildistöku laga þessara tekur Náttúrufræðistofnun við hlutverki, verkefnum, réttindum og skyldum, eignum og skuldbindingum Landmælinga Íslands og náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn.
- ❖ Á sama tíma og lögin koma til framkvæmda falla úr gildi lög nr.103/2006 um landmælingar og grunnkortagerð.